

1874.

15. júní.

staðar klausturs góz, þorleifi hreppstjóra Jónssyni, 40 rd. verðlaun af því fê, sem ætlað er til garðaræktar í norður- og austur-umdæminu, fyrir talsverðar jarðabætur á tæðri jörð, og stingur uppá, að gefa megí fyrnefndum leiguliða til frekari verðlauna fyrir þetta upp jafnmikið af jarðarafgjaldinu á fardagaárinu 1874—75, sem er 220 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar; hafið þér mælt fram með, að það verði samþykkt, sem stungið er uppá.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir því, sem ástatt er, að hlutaðeiganda verði gefinn upp helmingurinn af jarðarafgjaldinu fyrir fardagaárið 1874—75 í því skyni, sem getið var.

29. júní

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um Vesturheimsfara.

Með bréfi, dagsettu 4. dag maím. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað fyrirspurn frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, hvort menn, sem hafa flutt sig af Íslandi og farið til Bandafylkjanna í Vesturheimi eða til Kanada, og þar verða hjálpar þurfandi, geti búizt við, að þeim veitist nokkur styrkur, og hvort þess þá verði krafizt, að framfærsluhreppar Vesturheimsfaranna á Íslandi endurgjaldi styrkinn, eða hvort þeir verði fluttir heim aptur í þær sveitir, þar sem þeir áður áttu rétt til framfærslu; hafið þjer farið fram á, að dómsmálastjórnin finni ástæðu til að svara uppá þessar greinir, sem spurt er að, og jafnframt vakið máls á því, hvort það verði álitíð hagfellt, að skipa fyrir á Íslandi með lögum um tilsjón af hendi yfirvaldanna með flutningum manna til annara landa, eins og t. a. m. gjört er í Danmörku, en þér eruð helzt á því, að þess sé eigi þörf.

Útaf fyrirspurn þessari hefir dómsmálastjórnin skrifað utanríkisstjórninni og spurt að, hvort hún gæti látið til skýrslur um

1874.

29. júní.

þetta efni, en að því leyti, er snertir það atriði, sem þér hafið hreyft, skal þess getið, að með því það hefir farið mjög í vöxt á Íslandi, að menn fýsast til að flytja sig þaðan til annara landa, — en þess er nú auk annars ljós vottur bænarskrá nokkur til dómsmálastjórnarinnar frá erindsreka eins flutningafélagsins, þar sem skýrt er frá, að hér um bil 500 manns ætli í n. m. að fara frá Akureyri til Nýju Brunsvíkur með flutningaskipi, sem komi frá Norvegi — finnst stjórnarráðinu ástæða til, að setja lög til tryggingar því, að farið sé vel með farmenn á flutningaskipum, eins og gjört er í konungsríkinu, og mælumst vör því til, að þér ihugið málið, og ef til þess kemur skýrið stjórnarráðinu frá uppástungum yðar um þær breytingar, sem mætti gjöra á þeim ákvörðunum, sem gilda í þessu efni í Danmörku, ef þær þykja fallnar til að verða leiddar í lög á Íslandi.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkuð á jarðarafgjaldi.

2. júlí.

Með bréfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi sent hingað bænarskrá, þarsem amtmaðurinn yfir norður og austurumdæminu, Kristján Christjansson, fer þess á leit, að stjórnarráðið samþykki, að hann 9. marz 1872 hafi byggt manni nokkrum jörðina Stóru-Tjarnir, sem heyrir undir norðurhluta Múnaþverár klausturgóðs, og sem hefir orðið fyrir áföllum af fjallaskriðum og skemmzt við það, frá fardögum 1872 til fardaga 1874 fyrir 60 álna landskuld og 60 álnir í leigu, hvortveggja talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar, og stingur uppá, að byggja megi tæða jörð frá fardögum 1874 fyrst um sinn fyrir sama afgang, þó þannig, að landskuldin verði hækkuð um 10 álnir á ári, þegar einu af kúgildum þeim, sem fylgja jörðinni með samþykki hlutaðeiganda landseta, verði komið á einhverja aðra jörð, sem heyrir undir fyrnefnt umboð; hafið þér nú, herra landshöfðingi, skotið þessu máli undir úrskurð stjórnarráðsins.